

Föstudaginn 12. marz 1943.

Nr. 56/1942. **Þórarinn Snorrason** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Guðmundi Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Skilyrði samkvæmt 30. gr. laga nr. 112/1935 til endurupp-
töku máls ekki fyrir hendi og málinu því vísað frá hæsta-
rétti.

Dómur hæstaréttar.

Með stefnu 29. maí f. á. hefur Þórarinn Snorrason bóndi, Bjarnastöðum í Selvogi, krafizt þess, að tekið verði til meðferðar af nýju í hæstarétti samkvæmt 30. gr. laga nr. 112/1935 málið nr. 141/1937: Guðmundur Jónsson gegn Þórarni Snorrasoni, sem dæmt var í hæstarétti 8. febrúar 1939, og málið nr. 93/1939: Þórarinn Snorrason gegn Guðmundi Jónssyni og gagnsök, sem dæmt var í hæstarétti 6. nóv. 1940. Stefndi, Guðmundur Jónsson, hefur krafizt þess, að nefndri dómkröfu Þórarins Snorrasonar verði vísað frá hæstarétti og að Þórarni verði dæmt að greiða honum málskostnað. Af hendi Þórarins hefur frávisunar-
kröfunni verið mótmælt, og hafa aðiljar lagt frávisunar-
atriðið undir dóm eða úrskurð hæstaréttar sérstaklega.

Með bréfi 16. apríl 1941 sótti Guðmundur Í. Guðmunds-
son hæstaréttarlögmaður um leyfi dómsmálaráðherra til þess, að ofangreint mál yrði tekið til meðferðar af nýju í hæstarétti samkvæmt 30. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935. Beiðni sína studdi hann við skýrslu Jóhönnu Þorsteinsdóttur, er hún hafði gefið utan dóms eftir uppkvaðningu hæsta-
réttardómanna, en kona þessi seldi Þórarni Bjarnastaði 1908. Samkvæmt nefndri lagagrein getur dómsmálaráð-
herra að fengnum tillögum hæstaréttar leyft, að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði af nýju tekið til meðferðar, ef það hefur sannast eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan mundi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi sjálfum sér eigi um kenna. Sendi nú dóms-
málaráðherra hæstarétti beiðnina til álita. Með bréfi 23.

júní 1941 til dómsmálaráðherra lýsti hæstiréttur yfir því, að skilyrði 30. gr. hæstaréttarlaga til nýrrar meðferðar málsins í hæstarétti væri ekki fyrir hendi, þar sem Þórarni Snorrasyni hefði verið í lófa lagið að afla skýrslna Jóhönnu um málið, meðan það var rekið fyrir dómstólum, og mætti hann því sjálfum sér um það kenna, að hin nýju gögn, er hann nú vildi flytja fram, komu ekki til álita, er málið var dæmt. Synjaði dómsmálaráðherra síðan hinn 7. ágúst 1941 endurupptöku málsins.

Með bréfi 7. febrúar 1942 fór Guðmundur Í. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður þess enn á leit við dómsmálaráðherra, að hann tæki synjun sína til nýrrar athugunar og veitti leyfi til nýrrar meðferðar málsins í hæstarétti, ef þess þætti kostur. Skýrsla nafngreinds lögfræðings um málið mun hafa fylgt umsókn þessari. Veitti dómsmálaráðherra síðan leyfi til endurupptöku málsins 15. maí 1942, en þar sem hann leitaði ekki áður tillagna hæstaréttar samkvæmt 30. gr. hæstaréttarlaga um þau gögn, er hann reisti hina breyttu ákvörðun sína á, þá er leyfið þegar af þeirri ástæðu ekki lögmætur grundvöllur undir nýja meðferð málsins fyrir hæstarétti, og ber því að vísa því ex officio frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu víasast frá hæstarétti.

Málskostnaður falli niður.
